

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Brynhildar Pálmarsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 3. desember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um lánamál og lánakjör einstaklinga (16. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu er kveður á um að viðskiptaráðherra verði falið að leita leiða við að koma skipan húsnæðislána og lána til neytenda í svipað horf og annars staðar á Norðurlöndunum.

Viðskiptaráð skilaði inn umsögn við þingsályktun samhljóða þessari (20. mál) á síðasta löggjafarþingi og lagðist þar gegn henni. Ástæður þeirrar afstöðu voru reifaðar í umsögninni en þar sagði m.a. að hærri fjármagnskostnaður einstaklinga og heimila væri ekki upprunin vegna verðtryggarinnar einnar og sér, og hvaða þá vegna ímyndaðra „ofurvaxta“ lánastofnanna, heldur mest megnis vegna mikilla útgjalda af hálfu hins opinbera undanfarin ár, sem væru meginorsök aukinnar verðbólgu. Þar sagði enn fremur að það væru ekki gengissveiflurnar einar og sér sem leiddu til hærri vaxta heldur öflin sem hafa áhrif á gengið. Því þyrfti efnahagsstefnu frá stjórnvöldum sem miðaði að því að viðhalda stöðugleika til að draga úr gengissveiflum og öðrum óæskilegum hliðaráhrifum, t.a.m. verðbólgu.

Frá því umsögn þessari var skilað inn hefur margt vatn runnið til sjávar sem óþarft er að nefna hér. Þrátt fyrir það er grundvöllur neikvæðrar umsagnar enn til staðar: það þarf ekki að afnema verðtryggingu til að bæta lánakjör; það þarf ekki að skipta út krónunni til að bæta lánakjör; samkeppni er enn tryggð á lánamarkaði en eftirspurn er heldur minni og gjaldtaka lánastofnanna er ekki úr hófi m.v. gjaldtöku lánastofnanna annars staðar á Norðurlöndunum.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs